



Akraneskaupstaður



Heilsueflandi leikskóli

Leikskólinn Akrasel hóf þátttöku í verkefninu Heilsueflandi leikskóli á vegum Embættis Landlæknis árið 2019.

<https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>

Verkefninu er ætlað að styðja við markvissa vinnu leikskóla og gera hana að hluta af daglegu starfi leikskólans. Gera gott betra.

Heilsueflandi leikskóli leggur sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti sem tengjast skólastarfinu. Þeir eru :



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru höfð að leiðarljósi í leik og starfi Akrasels.

Nánari upplýsingar : <https://www.un.is/heimsmarkmidin/>.



Akrasel er sex deilda leikskóli með um 140-150 börn og um 40-50 starfsmönnum í 39 stöðugildum.

Einkunnarorð Akrasels eru :

- Náttúra

Í Akraseli er mikið unnið með náttúruna og umhverfismennt

- Næring

Allur matur er unnin frá grunni og allt brauð bakað á staðnum. Matseðillinn er tekin út af næringarfræðingi reglulega.

- Nævera

Mikil áhersla er lögð á hlýju, jákvæðni, virðingu og góða nærveru við alla (börn, foreldra og starfsfólk).



Akrasel er grænfánaleikskóli sem hefur fengið **fimm** grænfána.

Hver fáni er viðurkenning á því að skólinn sé að vinna að menntun til sjálfbærni.

<https://landvernd.is/grænfaninn/>



Heilsustefna Akrasels er:

Að allir fái að blómstra og dafna í umhverfi og aðstæðum sem hvetur til gleði, lærdóms og þroska.

Eftirfarandi eru stærstu þættir í starfi Akrasels :

Umhverfismennt og umhverfisvitund, jóga, hreyfing (úti og inni) og geðrækt.

Umhverfismennt og umhverfisvitund

- Að njóta náttúrunnar í leik og kennslu.
- Að ganga um náttúru okkar af virðingu.
- Að endurnýta og flokka pappír.
- Að endurvinna og endurnýta rusl eins og hægt er.
- Að jarðgera lífrænan úrgang.
- Að rækta grænmeti og plöntur.
- Að spara raforku og vatn eins og kostur er.

Moltun, ræktun, endurnýtingu, flokkun og virðing fyrir umhverfinu

Við þá vinnu tengjast þessir heilsustefnuþættir :



- Moltun

Matarafgangar eru moltaðar í Bokashi tunnum inni á deild og úrgangur síðan færður í stærri moltuker á útisvæði Akrasels. Matur verður að mold.

Moltusafinn sem fellur frá tunnunum er notaður sem aukanæring fyrir pottaplöntur yfir sumartímann.

Haugormarnir eru inni á deild í kössum og börnin sjá um að gefa þeim og hugsa um þá. Þeir umbreyta mat í mold á skömmum tíma.

- Ræktun

Á vorin eru settir niður laukar og fræ með börnunum. Settar niður kartöflur og grænmeti í ræktunarkassa á útisvæði. Einnig hafa næstelstu börnin sett niður kartöflur í skógrætinni (á tilteknu svæði). Pottaplöntur ræktaðar á deildum sem börnin hjálpa til með að hugsa um allt árið.

- Endurnýting

Sem umhverfisleikskóli er verðlaus efniviður nýttur í leik og starfi.

- Flokkun

Í leikskólanum eru flokkunartunnur. Börnin læra að flokka rusl/efnivið á viðeigandi stað.

- Virðing við umhverfið

Allir læra að bera virðingu fyrir umhverfinu. Týna upp rusl í gönguferðum, fara vel með gróður (gras, tré, plöntur og fl.).

Jóga

Við þá vinnu tengjast heilsustefnupættirnir :



Jóga er stór hluti af starfi Akrasels. Skipulagðar jógastundir eru einu sinni í viku fyrir öll börn. Þess á milli eru samverur, útiverur, hvíldarstundir og hreyfisalur notaðar fyrir jóga af öllu tagi. (t.d. möntrur, slökun, dans, ævintýra og stöðujóga)

Á hverju vori er jógavika og þar er lögð áhersla á vináttu, kærleik, þakklæti og góðvild.

Jógahandbækur eru á hverri deild. Kríla jóga (18-24 mánaða), Lindir (2-4 ára), Hamrar (4-6 ára)

Útihreyfing

Við þá vinnu tengjast heilsustefnupættirnir :



- Útivera

Öll börn fara út að minnsta kosti einu sinni á dag í leik á útisvæði leikskólans (sem er mjög flott og rúmgott) eða í aðrar ferðir.

- Ævintýraferðir

Ævintýraferðir eru hluti af starfi leikskólans og geta þær farið fram með ýmsum hætti. Vorið 2020 var gerð handbók um útikennslu og var hún tengd við Heimsmarkmiðin.

- Skógræktin

3-6 ára börn fara vikulega í skipulagðar ferðir í skógræktina og þar fer fram útikennsla í öllum námsþáttum Aðalnámskrár.

- Vettvangsferðir

Öll börn fara í reglulegar vettvangsferðir í nærumhverfi sínu og læra hvað er í umhverfinu. Læra staðhætti, nöfn, áttir, umferðareglur og að ganga á mismunandi undirlagi.

- Gönguferðir

Yngri börnin fara reglulega í gönguferðir til að auka styrk og þol og kynnast nærumhverfi sínu.

- Hjóladagur

Tveir elstu árgangar Akrasels eru með hjóladag í ágúst ár hvert. Þá mæta börnin með sín eigin hjól og elstu börnin fara í hjólaferð með kennurum og yngri árgangurinn hjólar á lokuðu plani leikskólans.

- Sundnámskeið

Elstu börnin fara á sundnámskeið á vorin í Jaðarsbakkalaug (útilaug). Umsjónarmaður er Hlín (leikskólakennari/Íþróttافرæðingur/sundkennari)

Innihreyfing

Við þá vinnu tengjast heilsustefnuþættirnir :



- Skipulagðar hreyfistundir í sal

3-6 ára börn fara einu sinni í viku í skipulagða hreyfistund í umsjón Hlínar. Þar er unnið með alhliða hreyfingu, styrk og liðleika.

Elsti árgangurinn fer einu sinni í viku í hreyfistund í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum.

- Salur

Hver deild hefur 3-4 tíma á viku í salnum. Þar eru settar upp þrautabrautir, leikir, dansað og sungið. Þar eru ákveðnar reglur sem allir þurfa að læra.

- Deild

Dansað, jóga, fínhyfivinna, söngur, ofl.

- Krókur og gangar

Krókur er leiksvæði og eru gangar leikskólans einnig notaðir sem hreyfi og leiksvæði.

Geðrækt

Við þá vinnu tengjast heilsustefnubættirnir :



Barnið er ávallt haft í brennidepli og þarftir þess hafðar að leiðarljósi. Unnið er með börn með sérþarfir í gegnum leikinn í misstórum barnahópum.

- Hvíld

Öll börn fara í hvíld einu sinni á dag eftir hádegismat. Yngstu börnin (2-4 ára) sofa í hvíldinni. Eldri börn (4-6 ára) hlusta á sögur og ævintýri, hvíla sig og slaka á.

- Lestur [http://akrasel.is/155-akrasel.leikskolinn.is/laesisstefna%20foreldrar%20\(1\).pdf](http://akrasel.is/155-akrasel.leikskolinn.is/laesisstefna%20foreldrar%20(1).pdf)

Unnið er samkvæmt læsisstefnu sem gefin var út 2020. Handbækur eru inni á hverri deild. Lögð er áhersla á að lesa fyrir börnin á hverjum degi og yndislestur bætist þar ofan á.

- Bókaormur er samstarfsverkefni milli heimilils og leikskóla. Börnin koma með bækur sem þau eru búin að lesa heima með foreldrum og kynna hana fyrir börnunum í leikskólanum.
- Lubbaestur er einnig samstarfsverkefni heimilis og leikskóla. Yngstu börnin fara með Lubba heim og koma með bók að heiman sem lesin er í leikskólanum.

- Lubbi

Lubbi er íslenskur fjárhundur sem kennir öllum börnum máhljóðin einu sinni í viku. Börnin læra hljóð og tákn hvers bókstafs fyrir sig í stafrófinu.

- Matur

”Allur matur á að fara upp í munn og ofan í maga”, segir í laginu. Allur matur sem börn og starfsfólk borðar í leikskólanum er unninn frá grunni. Hráefnið er að mestu lífrænt og hollusta og heilbrigði haft að leiðarljósi.

Matseðillinn er reglulega yfirfarinn af næringarfræðing. Fjölbreytnin er mikil og sem dæmi af matseðli eru : baunaréttir, fiskréttir (1-2 í viku), kjötréttir, súpur (heimatilbúnað/unnar frá grunni), heimabökuð brauð, slátur, lifrabuff, salöt o.fl.

- Vináttuverkefni Barnaheilla frá og með hausti 2020

Þetta er forvarnarverkefni þar sem lögð er áhersla á að kenna börnum að eiga í jákvæðum samskiptum, vera góðir félagar og leysa mál sem upp koma á milli þeirra

- Vinavika

Haldin er vinavika einu sinni á ári. Hver deild á sína vinadeild og börnin blandast í leik og starfi.

- Ávaxta- og grænmetisvika

Á vorin er ávaxtavika sem er samvinnuverkefni milli heimilis og skóla. Börnin koma með einn ávöxt/grænmeti á dag í leikskólann. Farið er yfir heiti á þeim, umræða um uppruna, lit, lag, áferð og tilurð og þeir borðaðir.

- Ég sjálf/ur - Þemavinna

Ég sjálf/ur er verkefni sem hefst þegar barnið byrjar í leikskólanum. Börnin byrja á því að skoða sjálfan sig og svo útvíkkast verkefnið með tímanum í „Ég sjálf/ur og fjölskyldan“ og svo „Ég sjálf/ur og umhverfið mitt“.

Börnin gera sjálfsmynd þrisvar á skólaári alla leikskóladvölinna.

- Öryggi barna

Lögð er áhersla á að öryggi barna sé gætt öllum stundum, með fræðslu (umferðarreglur í gönguferðum) og almennt í starfi leikskólans.

Á eldri deildum er öryggisvörður. Hann á það hlutverk að skoða og staðsetja brunaslöngur og brunaboða í leikskólanum og athuga með öryggisbúnað heima hjá sér.

- Tannverndarvika í febrúar

Þá fara 3 ára börnin í heimsókn á tannlæknastofuna á Laugabraut (2 gómar).

Þar hitta þau tannfræðing, fá að setjast í stólinn og fræðast um tennur og tannburstun.

Börnin vinna með muninn á hollu og óhollu mataræði, læra lög, teikna og fræðast um mikilvægi góðrar tannhirðu.

- SOS barnaþorpin – Sólblómaleikskóli

Öll börn vilja gott heimili segir í slagorði SOS barnaþorpa.

Akrasel hefur verið sólblómaleikskóli síðan 2014. Vinur okkar í barnaþorpinu Côte Divoire heitir Moise Gueladjibi Dion og er fæddur 16. nóvember 2009.

Við sendum honum afmælis-, jólagjafir og fréttir úr leikskólanum og fáum mynd og fréttir af honum einu sinni á ári.

<https://www.sos.is/skolamal/solblomaleikskolar>

Starfsfólk:

- Dagur leikskólans

Dagurinn er haldin hátíðlegur í leikskólanum með börnunum fyrripart dags en seinniþartinn hittast allir starfsmenn leikskóla á Akranesi, borða saman kvöldverð og hafa gaman.

- Fræðsla

Reglulega eru námskeið og fyrirlestrar fyrir starfsmenn Akrasels.

- Haustfagnaður

Á hverju hausti er haustfagnaður og hefur hann verið haldin í ýmsu formi eins og dagsferðir, kvöldskemmtun o.fl.

- Jólagleði

Í desember förum við saman á jólahlaðborð og bjóðum mökum með okkur.

- Leynivinavika

Í vikunni fyrir jólahlaðborð er haldin leynivinavika. Þeir sem vilja vera með draga nafn af „vini“ sem þau gleðja með gjöfum eða orðum.

- Veitingar á kaffistofuna

Einu sinni í mánuði yfir vetrartímann skiptast deildarnar á að bjóða upp á veitingar í kaffistofunni.

- Óvissuferð að vori

Á vorin förum við í óvissuferð að undanskildu vorinu sem farið er í náms og kynnisferð. Samhristingur er meginstefna þessarar ferðar.

- Náms og kynnisferðir erlendis

Fjórða hvert ár er farið erlendis á námskeið og/eða kynningar á erlendri grundu. Samhliða aukinni fræðslu er samhristingur eitt af markmiðum ferðarinnar.

Foreldrar:

- Foreldraviðtöl

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, eitt á haustin og annað á vorin. Í haustviðtölum er aðlögun barna rædd og farið yfir líðan barnsins í leikskólanum. Á vorin er farið yfir TRAS, MIO, HLJÓM, líðan barnsins og fleira.

- Facebook

Facebook síðan er eingöngu notuð fyrir tilkynningar frá leikskólanum.

- Heimasíða <http://akrasel.is/>

Á heimsasíðunni eru settar inn fréttir, myndir af starfi leikskólans, matseðill, upplýsingar um leikskólann o.fl. Í Karellen forritinu er hægt að senda foreldrum skilaboð, myndir af barninu o.fl. Skráningar eru einnig notaðar í Karellen s.s. mætingar, svefn og næring.

- Foreldraráð

Hlutverk foreldraráðs er að starfa með skólastjóra að hagsmunum barna og leikskólans.

- Foreldrafélag

Allir foreldrar eru í foreldrafélaginu. Stuðlað er að góðum skólaanda meðal annars með því að vinna að öfluglu félagslífi í leikskólanum t.d. með sumarhátíð, lambaferð og boðið upp á leiksýningar.

- Kynningafundur er haldin á vorin fyrir foreldra nýrra barna
- Bóndadagur

Karlmönnum í lífi barnanna er boðið í bóndadags morgunverð (heimabökuð brauð, álegg og kaffi) og skapast hefur hefð að hafa sýningu í sal á verkum barnanna.

- Konudagur

Konum í lífi barnanna er boðið í konudags morgunverð (heimabökuð brauð, álegg og kaffi) og skapast hefur hefð að hafa sýningu í sal á verkum barnanna.

- Dagur íslenskrar tungu

Foreldrum eldri barna (4-6 ára) eru boðið í leikskólann. Börnin hafa æft lög eftir Jónas Hallgrímsson og fleiri íslenska höfunda og syngja í sal leikskólans og bjóða foreldrum í kökur og kaffi að því loknu. Þar eru seld listaverk eftir börnin og fer allur hagnaður af því til styrktar Moise.

Akraseli apríl 2020.

Anney Ágústsdóttir leikskólastjóri

Sigrún Vigdís Gyldfadóttir leikskólakennari/deildarstjóri
